

18
9. febr.

REGLUGERÐ

um umferð um Ölfusárbrú og brýr almennt.

A. Umferð um Ölfusárbrú.

1. gr.

Ekki má nema ein bifreið vera á brúnni í einu og skal jafnan ekið mjög hægt og varlega yfir.

2. gr.

Hámarksþungi bifreiðar, að meðtöldu hlassi, má vera 6000 kg.

3. gr.

Óheimilt er að nota bifreið eða aðra dráttarvél til þess að draga aðra bifreið eða vagn yfir brúna.

4. gr.

Farþegar úr stærri bifreiðum en 6 manna, skulu jafnan ganga yfir brúna, einnig þó aðeins séu fáir farþegar í bifreið.

5. gr.

Gangandi menn eða hjólandi mega ekki koma á móti bifreið, en heimilt er að ganga eða hjóla á eftir bifreið, þó ekki nær en í 20 metra fjarlægð.

6. gr.

Ekki má reka fleiri en 10 hesta eða aðra stórgripi yfir brúna í einu og skal þá jafnan maður ganga fyrir og gæta þess, að farið sé aðeins klyfjagang.

7. gr.

Öllum vegfarendum ber að hlýðnast fyrirskipunum brúarvarða.

B. Umferð um brýr almennt.

8. gr.

Vegamálastjóri setur þær reglur um umferð um brýr, sem hann telur nauðsynlegar til öryggis, svo sem um hámarksþyngd bifreiða o. fl.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari og reglum, sem samkvæmt henni verða settar, varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, sbr. vegalög nr. 101 19. júní 1933, 51. og 56. gr., til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.